

Hafnarfirði, 27.01.2020
1703032 GþG

Efni: Suðurgata 73. Umsögn skipulagsfulltrúa vegna athugasemda.

Suðurgata 73, breyting á deiliskipulagi.

Auglýsing vegna breytinga á deiliskipulaginu Suðurbær sunnan Hamars er nær til lóðarinnar við Suðurgötu 73 var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga frá 13.11. til 30.12.2019 og jafnframt grenndarkynnt aðliggjandi lóðarhöfum.

Í breytingunni felst að: heimilt verði að nýta bifreiðageymslu á lóð Suðurgötu 73 í heild eða að hluta undir vinnustofu / námskeiðahald.

Þær athugasemdir sem bárust skipulagsfulltrúa á auglýsingartíma tillögunnar snúa frekar að fyrirkomulagi almennra stæða við götu heldur en tillögunni að deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var.

Almenn bílastæði við götu eru sameign og öllum heimilt að nýta þau sem slík. Með vísan til þess er ekki hægt að takmarka notkun þeirra. Skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er heimilt að vera með starfssemi innan íbúðarsvæðis s.s. verslun, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og annarri þjónustustarfsemi. Sú starfsemi sem fyrirhuguð er við Suðurgötu 73 fellur innan þess. Á þeim forsendum er ekki lagst gegn breytingartillögunni.

Huga ætti að því að fram komi í starfsleyfi að beina gestum í almenn stæði í næsta nágreni.

Lagt er til að breytingartillagan verði samþykkt og vísað í bæjarstjórn til samþykktar, og málinu lokið í samræmi við 42. gr. skipulagslaga 123/2010

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar
Þormóður Sveinsson